

Nd.

55. Frumvarp til laga

[50. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

2. og 3. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Utan Reykjavíkur skal Tryggingastofnun ríkisins fela bæjarfógetum og sýslumönnum innheimtu tryggingariðgjalda, hverjum í sínu umdæmi. Aðra afgreiðslu getur Tryggingastofnunin falið sjúkrasamlögum, sveitarstjórnnum eða þeim aðilum, sem iðgjaldainnheimtuna annast. Þóknun fyrir önnur umboðsstörf en innheimtu skulu ákveðin með samningi viðkomandi umboðs og Tryggingastofnunarinnar.

Ráðherra ákveður greiðslur Tryggingastofnunarinnar til sýslumanna og bæjarfógeta vegna innheimtukostnaðar iðgjalda.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Þeir aðilar, sem við gildistöku laga þessara annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, skulu eiga þess kost að halda þeim störfum áfram.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar samþykkt voru ný lög um almannatryggingar á síðasta þingi, var þar ákveðið, að bæjarfógetar og sýslumenn skyldu hafa á hendi allt umboð almanna-trygginganna. Þetta ákvæði boðaði þá breytingu frá því, sem verið hefur og er, að sjúkrasamlög í nokkrum kaupstöðum skulu sleppa þeim umboðum, sem þau nú annast, og ekki koma til greina framvegis sem umboðsaðilar trygginganna, þótt þau hafi frá upphafi annast útborgun og aðra afgreiðslu trygginganna að iðgjaldainnheimtu undanskilinni. Þetta ákvæði laganna er enn ekki komið til framkvæmda, en fyrirhugað er, að um næstu áramót gangi það í gildi.

Sjúkrasamlög, sem óumdeilanlega eru þær stofnanir, sem almannatryggingunum eru skyldastar, hafa víða byggt upp starfsemi sína með algeru tilliti til þeirra umboðsstarfa, sem þau hafa haft á hendi fyrir Tryggingastofnunina. Húsnæði, starfsmannahald, skrifstofuáhöld o. s. frv. hefur verið við þetta miðað, og umboðs- sviptingin, sem lögin ráðgera til handa samlögum þessum, hlýtur því að torvelda rekstur samlaganna og gera hann dýrari en ástæða er til. Á hinn bóginn eru ekki minnstu líkur til, að umboðsbreytingin verði Tryggingastofnuninni til sparnaðar. Þvert á móti er fyrirsjáanlegt, að breytingin muni valda hækkun á umboðslaunum.

Með því að sú breyting, sem fyrirhuguð er á framkvæmd almanna-trygginganna um næstu áramót, er að því leyti, sem hér hefur verið rakið, í senn til að auka rekstrarkostnað trygginganna og torvelda viðkomandi sjúkrasamlögum eðlilegan og þegar uppbyggðan rekstur, en breytingin auk þess alls ólíkleg til að bæta í neinu þá þjónustu, sem tryggingarnar veita, er hér lagt til, að þessu ákvæði sé breytt á þá lund, að auk fógeta og sýslumanna séu sjúkrasamlög og sveitarstjórnir talin koma til greina sem umboðsaðilar trygginganna, að því er varðar úrskurði og útborganir, og enn fremur, að engan þann aðila, sem nú annast slík umboð, skuli svipta þeirri aðstöðu, ef hann óskar að halda umboðinu áfram.